

Ed.

359. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af sild o. fl.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn hefir ekki getað fallist á frv. þetta óbreytt, og nefndin hefir heldur ekki getað komið sjer samar um breytingarnar.

Minni hlutinn getur ekki fallist á, að lækka beri að svo stöddu útflutningsgjaldið af sild, sem lækkað var fyrir fáum árum úr 3 krónum niður í 1 kr. og 50 auro, eins og það nú er, og sem útgerðarmenn þá sættu sig vel við.

Að visu hefir útflutningsgjaldið af sild verið að mun hærra en á öðrum útfluttum vörum, en það stafar af því, sem flestum er vitanlegt, að útlendingar greiða meiri hlutann af þessum tolli, eða um $\frac{2}{3}$.

Eins telur minni hlutinn enga bót í því að hækka útflutningsgjaldið af sildarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum frá því sem nú er, úr 1 kr. af 100 kg. upp í 2 kr. og 50. Mundi það gjald nema um 8% af þessari vöru, sem út af fyrir sig væri óhæfilega hátt útflutningsgjald.

En svo bætist þar við, að tollhækkun þessi og tollhækkunin af sildarlýsinu mundi eingöngu lenda á sildarframleiðendunum, þar sem verðið á síld til bræðslu mundi lækka að sama skapi sem tollhækkuninni nemur.

Nú er það vitanlegt, að ekki þykir borga sig að fiska síld eingöngu til bræðslu fyrir verð, sem verið hefir á bræðslusíld að undanfórnu, nema *vel aflist*, en út af því getur einatt borið. Það virðist því afarvarhugavert að íþyngja bræðslusildarframleiðslunni með háum útflutningstollum.

Og loksins er á það að líta, að markaðurinn fyrir sildarlýsi og sildarmjöl er miklu tryggari en markaðurinn fyrir saltaða eða kryddaða síld. Virðist því auðsætt, að fremur beri að stefna að því að gera útgerðarmönnum viðskiftin við sildarbræðslurnar sem aðgengilegust. Með því móti geta þeir dregið úr hinni áhættusamari og kostnaðarsömu framleiðslu saltaðrar síldar.

Minni hlutinn vill hinsvegar fallast á að gera nokkrar breytingar á útflutningsgjaldi af óþurkuðu áburðarefni, af óunninni síld og fiskiúrgangi, er 1. gr. frumvarpsins ræðir um, en leggur til, að eitt og sama gjald verði lagt á þessar útflutningsvörur, 25 aur. á hver 100 kg.

Þá leggur minni hlutinn til, að 2. gr. frumvarpsins falli burt, og er það lagt til samkvæmt ástæðunum í sameiginlegu álitni nefndarinnar á þingskjali 330.

Minni hlutinn telur ekki ráðlegt að lögbinda fyrirfram slíkar eftirgjafir á útflutningsgjaldi af síld, jafnvel þó um sölu síldar á nýja markaði sje að ræða, en vill láta Alþingi bafa óbundnar hendur í því efni.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri sildartunnu (108—120 lítr.) skal greiða í rikissjóð kr. 1,50 af hverjum 100 kg., af sildarmjöli, fiskimjöli þurkuðu og fóðurkökum kr. 1,00. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og sildarafurðum, af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu, og af fiskiúrgangi, hausum og beinum (óþurkað eða hálfþurkað, óunnið) 25 aura.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt.

3. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 1. mars 1928.

Björn Kristjánsson, Jón Þorláksson.
frsm.